

Fyrirspurn

til velferðarráðherra um framkvæmd heilsustefnu, íþróttamót í framhaldsskólum o.fl.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

Hvernig hefur gengið að ná fram eftirtöldum markmiðum sem eru sett fram í heilsustefnu ráðuneytisins frá 2008:

- a. að koma á fót íþróttamótum í framhaldsskólum í samvinnu við félög framhaldsskólanna, menntamálaráðuneyti og Íþróttasamband Íslands þannig að 100% þátttaka verði meðal framhaldsskóla í lok árs 2009,
- b. að í lok árs 2010 hafi þeim fækkað sem nota vímuefni og reykja,
- c. að 50 opinberar stofnanir hafi gert áætlun um öryggi og heilbrigði í lok árs 2009, þar sem hugað sé að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan starfsmanna,
- d. að allar stofnanir heilbrigðisráðuneytis hafi mótað sér heilsustefnu fyrir árslok 2009 og ríkisfyrirtæki almennt fyrir árslok 2010,
- e. að í lok árs 2009 hafi Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið boðið upp á námskeið í öllum landshlutum til að fylgja eftir ráðleggingum um heilsuefningu á vinnustöðum,
- f. að í lok árs hafi Lýðheilsustöð og Vinnueftirlitið boðið upp á námskeið fyrir atvinnulausa í öllum landshlutum?